



**78. fundur Fjölskylduráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 22. ágúst 2023  
og hófst hann kl. 12:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri og Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþróttá- og æskulýðsstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Bylgja Borgþórsdóttir, íþróttá- og æskulýðsstjóri

**Dagskrá:**

**1. 202308059 - Samtökin 78, samtal í upphafi skólaárs**

Í tilefni 78. fundar fjölskylduráðs mætti Daníel E. Arnarsson fyrir hönd Samtakanna 78, fylgdi eftir samningi sem var undirritaður í vor og kynnti framhaldið. Fer fræðsla að hefjast skv. samningnum og skipulagning er í fullum gangi hjá bæði sveitarfélaginu og Samtökunum 78.

Fjölskylduráð þakkar Daníel kærlega fyrir komuna og vonast eftir áframhaldandi góðri samvinnu.

Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

**2. 202306119 - Landsmót Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar 2023**

Fyrir liggur beiðni frá Þresti Jónssyni um endurupptöku erindis sem barst í tölvupósti, dagsettu 25.5. 2023, frá Æskulýðssambandi Þjóðkirkjunnar þar sem óskað er eftir að fá að halda landsmót ÆSKÞ á Egilsstöðum 13.-15. október 2023. Jafnframt er óskað eftir styrk í formi aðstöðu og gistingar.

Fjölskylduráð bókaði eftirfarandi á 75. fundi sínum þann 20. júní:  
Fjölskylduráð hafnar styrkbeiðninni, enda ekki inni í fjárhagsáætlun að styrkja svo stórt verkefni, en starfsfólki ráðsins er falið að koma á sambandi á milli skólastjórnenda og forstöðumanns íþróttamiðstöðvarinnar á Egilsstöðum svo hægt sé að kanna hvaða möguleikar eru á samstarfi.  
Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

Fjölskylduráð áréttar að með ofangreindri bókun var beiðni um aðstöðu og gistingu ekki neitað, eingöngu því að stofnanir fjölskyldusviðs greiddu fyrir slíkt. Stofnanir sveitarfélagsins fylgja þeim reglum sem settar hafa verið og forstöðufólk er í samskiptum við þau félög sem biðja um þjónustu.

Þykir fjölskylduráði að sjálfsögðu frábært að svo stórir viðburðir fyrir ungt fólk séu haldnir í sveitarfélaginu og beinir því til forstöðufólks að taka jákvætt í erindi sem



Þessi.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**3. 202106104 - Allir með! - þróunarverkefni Íþróttafélagsins Hattar**

Á fundinn mætti Líska Leifsdóttir, formaður Íþróttafélagsins Hattar, og kynnti framgang þróunarverkefnis Hattar, Allir með!

Lagt fram til kynningar.

**4. 202306069 - Styrkir til íþróttafélaga**

Lagt fram til kynningar.

**5. 202308084 - Íþrótt- og tómstundastyrkir fjölskylduráðs, október 2023**

Unnið er að skema fyrir mat á umsóknum um íþrótt- og tómstundastyrki fjölskylduráðs.

Minnir fjölskylduráð einnig á að styrkir eru auglýstir til umsóknar tvisvar á ári, í mars og í október, og verður næst auglýst með umsóknarfrest til 15. október 2023.

Að öðru leyti lagt fram til kynningar.

**6. 202010555 - Skýrsla íþrótt- og æskulýðsstjóra**

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45**

